

**Ed.**

## **247. Frumvarp til laga**

um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 226 með þessum breytingum:

27. gr. hljóðar svo:

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins, sbr. 17.—20. gr., er í gildi, má ekki hækka vexti af rekstrarlánnum útgerðarinnar og fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, frá því sem nú er.

42. gr. hljóðar svo:

Söluskattur skal nema því, sem hér segir:

1. Af heildsölu og umboðssölu 2%.
2. Af smásölu 1½%.
3. Af sölu iðju- og iðnfyrirtækja, sem og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru samkvæmt 40. gr. 1½%.

Eigi skal þó greiða skatt af sölu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi,  
b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, garðávaxta, kjöts, nýs, frosins, reyktis, niðursoðins og saltaðs, fisks, nýs, frosins, niðursoðins og saltaðs, að sild meðtalinni.  
c. sölu á veiðarfærum, hvers konar fiskumbúðum, salti, hráolíu, brennsluolíu, smurningsolíum öllum, svo og viðgerðum á skipum.
2. sölu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 62 11. júní 1938.